



Tómskúli og menningarmálanefnd Skagastrandar

FUNDARGERÐ

Mánudaginn 2. maí 2011, kl 17.00 var fundur haldinn í tómskúli- og menningarmálanefnd Skagastrandar í Bjarmanesi. Á fundinn voru mætt: Jón Ólafur Sigurjónsson, Valdimar J. Björnsson, Elva Dröfn Árnadóttir, Sigríður Björk Sveinsdóttir, Sigurður Sigurðarson og Magnús B. Jónsson.

Jón Ólafur Sigurjónsson formaður setti fundinn.

1. Kántrýðagar 2011.

Fyrir var tekið hvort og hvenær verði haldnir Kántrýðagar 2011.

Ákveðið að Kántrýðagar verði haldnir dagana 12. – 14. ágúst nk. Umræður urðu um dagskrána og ákveðið að halda henni með svipuðu sniði og undanfarin ár. Rætt um verkefni en ákveðið að fresta til næsta fundar að skipta verkefnum milli nefndarmanna og annarra sem hafa annast undirbúning hátíðarhaldanna.

2. Menningarverkefni

Sigurður Sigurðarson fór yfir og kynnti hvaða menningarverkefni hafa verið styrkt af Menningarráði Norðurlandi vestra. Umræður urðu um ýmis verkefni og hugmyndir að menningarverkefnum.

3. Forvarnarverkefni

Leitað hefur verið eftir hvort hægt sé að styrkja verkefni á vettvangi félagsmiðstöðvar sem væri gert að sérstöku forvarnarverkefni. Samþykkt að leggja til við sveitarstjórn að forvarnarverkefnið verði styrkt með 50 þús. króna framlagi.

4. Uppgjör vegna jólaskemmtunar

Farið var yfir hvernig skemmtunin gekk og hvað skilaði sér til stuðnings fjölskyldu í erfiðleikum. Ákveðið að skoða möguleika á að hafa hliðstæða skemmtun um næstu jólahátíð.

5. Önnur mál.

Fyrir var tekið bréf frá Höfðaskóla sem leitar eftir styrk vegna forvarnarverkefnis þar sem nemendur taka að sér að gæta „dúkkubarns“ eina helgi. Kostnaður er áætlaður um 200 þús. Nefndin ræddi málið og samþykkti að mæla með því við sveitarstjórn að verkefnið verði styrkt.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl 18.30

Jón Ólafur Sigurjónsson,
Elva Dröfn Árnadóttir,
Sigurður Sigurðarson,

Valdimar J. Björnsson,
Sigríður Björk Sveinsdóttir,
Magnús B. Jónsson.